

Nd.

272. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt af meiri hl. allsherjarnefndar eftir beiðni svonefndrar „skipulagsnefndar“.

Minni hl. nefndarinnar vildi ekki eiga þátt í flutningi þessa máls, sökum þess að hann telur ekki nauðsynlegt að stofna þessa skrifstofu, og baka þar með ríkissjóði útgjalda.

Að vísu má telja, að skylt sé að gera ýmsar ráðstafanir til þess að hæna hingað erlenda ferðamenn, en öll auglýsingastarfsemi í þá átt getur vitanlega farið fram að tilhlutan ríkisvaldsins án þess að skrifstofa slík sem þessi sé stofnuð.

Allar upplýsingar um land og þjóð munu erlendir ferðamenn nú geta fengið hjá þeim ferðamannaskrifstofum, sem þegar eru hér starfandi, auk þess sem erlendar ferðamannaskrifstofur munu nú geta gefið allar umbeðnar upplýsingar. Ferðamannaskrifstofur þær, sem hér starfa, eru umboðsmenn helztu erlendra ferðamannaskrifstofa, og er með því fengin trygging fyrir því, að ferðamenn séu ekki látnir greiða óvenjuleg eða ósanngjörn gjöld hér.

Þó frv. samkv. orðum sínum aðeins heimili stjórninni að setja hér á stofn þessa skrifstofu, gerum við ráð fyrir, að ríkisstjórnin muni, ef frv. verður að lögum, bráðlega hefja rekstur þessarar skrifstofu.

Alþingi, 31. okt. 1934.

Garðar Þorsteinsson, Thor Thors.
frsm.